



11. júlí 2024  
Tilv.: 2202118

Dreifibréf nr. 22/2024  
Til: Rekstrarfélagi verðbréfasjóða  
Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

**Efni:** Viðmiðunarreglur ESMA um trausta starfskjarastefnu rekstrarfélagi verðbréfasjóða (UCITS).

Seðlabanki Íslands hefur tekið upp viðmiðunarreglur um trausta starfskjarastefnu á grundvelli tilskipunar 2009/65/EB (UCITS<sup>1</sup>) (Guidelines on sound remuneration policies under the UCITS Directive; [ESMA/2016/575](#); hér eftir einnig vísað til sem *viðmiðunarreglurnar*), sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gaf út. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samræmdri túlkun og eftirlitsaðgerðum varðandi reglur um starfskjarastefnur fyrir rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Viðmiðunarreglurnar beinast að eftirlitsyfirvöldum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða.<sup>2</sup>

Fjallað er um starfskjör og starfskjarastefnu rekstrarfélagi í greinum 14. gr. a og 14. gr. b í tilskipun 2014/91/ESB sem bættust við UCITS-regluverkið í september 2014. Þau ákvæði voru leidd í íslenskan rétt með 17. gr. og 17. gr. a-c laga nr. 116/2021, sbr. 206. gr. breytingalaga nr. 38/2022.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar kröfur um starfskjarastefnur og starfskjör, bæði föst starfskjör og breytileg starfskjör (*kaupauka*), sem settar eru í 14. gr. a og 14. gr. b í UCITS. Þær fela í sér kröfur til starfskjarastefna, setningu þeirra og endurskoðunar, og stjórnskipulags í kringum starfskjör almennt. Einnig eru settar fram í viðmiðunarreglunum kröfur til starfskjaranefnda, bæði varðandi hlutverk og samsetningu. Þá er fjallað með ítarlegum hætti um kaupauka í viðmiðunarreglunum, m.a. hvenær heimilt sé að greiða hann og með hvaða hætti, frestun og endurkröfu kaupauka.

Hluti viðmiðunarreglnanna varðar einungis þá starfsmenn rekstrarfélagi sem falla í flokk tilgreindra starfsmanna (*e. identified staff*), en það eru starfsmenn sem hafa efnisleg áhrif á áhættusnið rekstrarfélagi, sbr. skilgreiningu á bls. 4 í viðmiðunarreglunum. Í viðauka II við viðmiðunarreglurnar er gerð nánari grein fyrir því hvaða hluti reglnanna á við um starfsemi rekstrarfélagi í heild sinni og hvaða hluti á aðeins við um starfsmenn sem falla í framangreindan flokk.

Þrátt fyrir að rekstrarfélögum verðbréfasjóða beri framvegis að taka mið af ákvæðum viðmiðunarreglnanna í störfum sínum vill Seðlabankinn áréttta að ekki er fullt samræmi milli allra tölulíða viðmiðunarreglnanna og ákvæða 17. gr. og 17. gr. a-c laga nr. 116/2021 og þurfa rekstrarfélög að taka tillit til þess þegar þau tileinka sér efni viðmiðunarreglnanna, sbr. eftirfarandi:

<sup>1</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

<sup>2</sup> Einnig beinast viðmiðunarreglurnar að fjárfestingafélögum sem ekki er rekið af rekstrarfélagi sem hlutu starfsleyfi fyrir gildistöku UCITS. Viðmiðunarreglur þessar (ásamt 14. gr. a og 14. gr. b UCITS) beinast ekki gagnvart rekstrarfélögum sem fengu starfsleyfi fyrir gildistöku UCITS. Hins vegar gilda ráðleggingar framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnur fjármálaþjónustufyrirtækja.

- Eins og áður segir, tekur hluti viðmiðunarreglnanna einungis til tilgreindra starfsmanna rekstrarfélagsins (e. *identified staff*), en fyrirmæli 17. og 17. gr. a-c laga nr. 116/2021 tekur til allra starfsmanna rekstrarfélags.
- Í lið 47 er fjallað um greiðslu kaupauka til stjórnenda í „supervisory function“, sem myndi almennt vera félagsstjórn í íslenskum rétti. Aftur á móti er óheimilt að veita stjórnarmönnum kaupauka skv. 3. mgr. 17. gr. a laga nr. 116/2021.
- Í liðum 73 og 74 er fjallað um greiðslu kaupauka til starfsmanna eftirlitseininga (e. „control functions“), með ákveðnum takmörkunum, en samkvæmt áðurnefndri 3. mgr. 17. gr. a laga nr. 116/2021 er með öllu óheimilt að veita kaupauka til starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu.
- Þá tilgreina viðmiðunarreglurnar í dæmaskyni í lið 132 að kaupauki geti numið allt að 200% af föstum starfskjörum starfsmanns. Aftur á móti er óheimilt að greiða kaupauka sem er umfram 25% af föstum starfskjörum starfsmanns, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 17. gr. a laga nr. 116/2021.

Viðmiðunarreglurnar eiga við um öll önnur atriði er varðar starfskjarastefnur og greiðslu kaupauka almennt.

Þá er hér einnig rétt að vekja athygli á að ESMA hefur gefið út viðmiðunarreglur sem fjalla um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á mörkuðum fyrir fjármálagerninga (Guidelines On certain aspects of the MIFID II remuneration requirements; [ESMA35-43-3565](#)). Seðlabankinn hefur tekið upp þessar viðmiðunarreglur og sent til viðkomandi eftirlitsskyldra aðila, sbr. dreifibréf nr. 23/2024. Umræddar viðmiðunarreglur gilda m.a. um rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hafa heimild til að sinna þeim verkefnum sem fram koma í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 116/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnanna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir  
forstöðumaður  
varúðareftirlit

Fullgild rafræn undirskrift

Kristín Logadóttir

11.07.2024 13:20

Fullgild rafræn undirskrift

Gísli Óttarsson

11.07.2024 14:34